



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
15 - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)

[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2005

Tilvísun: UST20051200018/bs

### **Efnistaka í Hrossadal í landi Miðdals, Mosfellsbæ. Tillaga að matsáætlun.**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 11. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda tillögu að matsáætlun. Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir:

**Inngangur:** Í tillögu að matsáætlun kemur fram að fyrirhugað sé að vinna 1 milljón m<sup>3</sup> af efni í námunni í Hrossadal á 15-20 ára tímabili.

Ekki kemur fram í tillögunni hvort efnistöku sé með þessum hætti sett takmörk í tíma og rúmi, þ.e. að ráðgert sé að hætta vinnslu að 20 árum liðnum eða þegar tekið hefur verið ofangreint magn úr námunni í Hrossadal.

#### **Þörf og markmið framkvæmdar**

Í tillögu að matsáætlun er vísað til greinargerðar Tæknideildar Reykjavíkurbarn frá árinu 1998 um mögulega efnisþörf vegna nýframkvæmda. Hér er um nokkuð gamlar upplýsingar að ræða. Auk þess er óvíst hver efnisþörf verður í t.d. Sundabraut og hafnarframkvæmdir í Reykjavík, hvaða kröfur verða gerðar til efnis eða hvaða námur verða nýttar, þar sem væntanlega verður um útboðsverk að ræða.

Í tillögu að matsáætlun er bent á að efnistöku hafi verið hætt í Geldinganesi og því þörf fyrir nýja grjótnámu við Reykjavík. Umhverfisstofnun vill benda á að í Geldinganesi gæti frekari efnistaka verið til bóta miðað við ástand svæðisins í dag auk þess sem sú náma liggur mun betur við mögulegum framkvæmdasvæðum, þar sem unnt er að flytja efni sjóleiðis frá námunni.

#### **Efnistökusvæðið**

Í tillögu að matsáætlun bls. 4 kemur m.a. fram að árið 1994 hafi verið gerðar jarðvegsrannsóknir á fyrirhuguðu námusvæði í Hrossadal og í því sambandi hafi bergið verið rannsakað og eru niðurstöður berggreiningarinnar túlkaðar á þann veg að bergið í Hrossadal sé heppilegt til stórgrýtisvinnslu.

Umhverfisstofnun dregur í efa að berggreining ein og sér gefi áreiðanlegar vísendingar um mögulega nýtingu náma til stórgrýtisframleiðslu. Í því sambandi má benda á túlkun borkjarna

sem liggur til grundvallar vinnsluspám í skýrslum Jarðfræðistofunnar Stapa ehf. um grjótnám m.a. í Grindavík og Þorlákshöfn, sbr. einnig mat á umhverfisáhrifum grjótnáms í Eldvarpahrauni eldra og Þórðarfellshrauni.

### **Vegtenging frá Nesjavallavegi að efnistökusvæði**

Vegna aukinnar umferðar um Nesjavallaveg er í tillögu að matsáætlun m.a. gert ráð fyrir nýjum vegi norðan Nesjavallavegar frá námusvæði að Nesjavallavegi við Selás. Auk þess sem Vegagerðin hefur lýst sig reyðubúna til að lagfæra slitlag og breikka Nesjavallaveg til að anna aukinni umferð vörubíla.

Umhverfisstofnun telur að þessar aðgerðir bæti ekki nema að hluta úr þeim vanköntum sem nú eru á planlegu og sjónlengdum á Nesjavallavegi á kaflanum frá Hafravatnsvegi að Selási. Á þeim kaffla Nesjavallavegar eru m.a. blindhæðir og krappar beygjur sem fyrrnefndar styrkingar Nesjavallavegar bæta ekki úr. Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu eigi að gera grein fyrir umhverfisáhrifum tengivega sem og hugsanlegum breytingum á Nesjavallavegi.

### **Efnisvinnsla**

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að stórgrýti og malað efni verði geymt á lager og að aðstaða verði fyrir malara.

Gera ætti grein fyrir hvort þessu sé ætlaður staður innan fyrirhugaðs námusvæðis.

Í tillögunni kemur fram að ráðgert sé að mala efni í námunni sem starfrækt verði allt árið og að til þess verði einungis notaður forbrjótur. Umhverfisstofnun telur að gera eigi í matsskýrslu ítarlega grein fyrir efnisvinnslu, þ.e. mölun. Fram kemur í tillögu að matsáætlun að um reglulega starfsemi verði að ræða í námunni. Ætla má að það feli í sér að verulegur hluti starfseminnar felist í mölun, þar sem að líkindum er um stöðugri markað að ræða fyrir malað efni en stórgrýti.

### **Efnisflutningar**

Í tillögu að matsáætlun segir m.a. um flutninga: "Sé miðað við 20 vinnudaga á mánuði, og að efnistaka standi yfir í 15 ár, þá má gera ráð fyrir að hámarki á milli 25 og 30 ferðum á dag frá svæðinu, og öðrum eins fjölda til baka að svæðinu."

Umhverfisstofnun vill benda á að hér er vætanlega átt við að ferðir verði að meðaltali 25-30 á dag. Ef hér er um hámarks akstur úr námunni að ræða ætti að gera grein fyrir hvernig framkvæmdaraðili hyggst tryggja að ekki verði daglega um fleiri ferðir að ræða en 30.

### **Frágangur efnistökusvæðis**

Umhverfisstofnun vill benda á að haugsetning hrossataðs í námum getur í vissum tilfellum orkað tvímælis og ætti að vera hluti af frágangi námusvæða en ekki frágangur í sjálfu sér.

### **Áhrifasvæði framkvæmdar**

Nauðsynlegt er að áhrifasvæði framkvæmdarinnar verði sýnt á uppdrætti í matsskýrslu, sbr. liður 2b í 18. gr. reglugerðar nr. 671/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfisstofnun telur efnisflutninga um Nesjavallaveg meðal beinna áhrifa framkvæmdarinnar ólíkt því sem segir í tillögu að matsáætlun bls. 12.

### **Hljóðvist-hávaðamengun og annað ónæði**

Umhverfisstofnun telur að meta eigi hljóðstig vegna starfsemi í námu, þ.e. mölunar, sprenginga og umferðar vinnuvéla í námu sem og hljóðstig vegna umferðar til og frá námu, m.a. vegna nálægðar sumarhúsabyggðar. Stofnunin telur að ekki beri að skilgreina áhrif á hljóðvist við frístundabyggð vegna efnisflutninga sem óbein áhrif framkvæmdarinnar, sbr.

bls. 12 í tillögu að matsáætlun.

### Loftgæði-loftmengun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að ekki sé fyrirhugað að fram fari útreikningar á loftmengun vegna framkvæmdarinnar og að ekki verði fjallað um þann umhverfisþátt í matsskýrslu.

Umhverfisstofnun telur að í ljósi þess að mөлun efnis gæti orðið snar þáttur í starfsemi námunnar ætti að meta áhrif á loftgæði vegna hugsanlegrar rykmengunar.

### Náttúrufar og jarðmyndanir


Um gróðurfar og fuglalíf segir m.a. í tillögu að matsáætlun: "Gróður er í eðli sínu viðkvæmur fyrir raski, en getur ekki talist einstakur með tilliti til verndargildis....Í vettvangsferð... varð ekki vart við mikið fuglalíf áframkvæmdarsvæðinu og ekki sáust tegundir sem eru sjaldgæfar eða á annan hátt sérstakar með tilliti til verndargildis." Ekki er fyrirhugað að kanna náttúrufar frekar.


Umhverfisstofnun telur að yfirlýsing um hvað ekki sé að finna á fyrirhuguðu framkvæmdarsvæði jafngildi ekki lýsingu á þeim þáttum umhverfisins sem geta orðið fyrir áhrifum af fyrirhugaðri framkvæmd. Jafnframt ætti að koma fram hvaða aðferðum var beitt við athugun á gróðri og fuglalífi.

Einnig ætti að afla upplýsinga um náttúrufar á fyrirhuguðum vegsvæðum.

Umhverfisstofnun telur að í matsskýrslu eigi að sýna gróðurkort af framkvæmdarsvæðinu, en almennt telur stofnunin æskilegt að við mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sé miðað við að mælikvarði korta af gróðurhverfum sé í mælikvarðanum 1:5000 til 1:15000, eftir því hversu stórt svæði verið er að kortleggja.

Virðingarfyllt

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður